

Vatnajökulsþjóðgarður  
Klapparstíg 25-27  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2021  
UST202110-106/B.S.  
09.04.06

### **Efni: Bæjarstaðaskógr – erfðaverndarsvæði. Umsögn**

Vísað er til erindis Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um beiðni Skógræktarinnar að skrá Bæjarstaðarskógr sem erfðaverndarsvæði.

Tilgangur stofnunar erfðaverndarsvæða er: *Að vera svæði þar sem viðkomandi trjátegundir sýni þá aðlögunarhæfni sem í þeim býr og hægt er að fylgjast með framvindu skóganna til langs tíma. Verndin er þannig "dýnamísk" að skógarnir eru ekki frystir í núverandi mynd heldur, þvert á móti, er gert ráð fyrir að þeir endurnýist, helst með kynæxlun til þess að ferlar náttúruvals geti átt sér stað. Nýting skóganna er ekki útilokuð og safna má fræi til fjölgunar eða sýnum til rannsókna.*

Lagt er til að Bæjarstaðaskógr verði skráður sem erfðaverndarsvæði fyrir birki.

Bæjarstaðaskógr hefur verið Skógræktinni mikilvæg fræuppsprettu og hefur sáning fræja af þessu svæði gefið góða raun víða um land. Því telur Umhverfisstofnun tillöguna mjög góða þar sem tryggja á framboð fræs að tegund sem líklega hefur vaxið á svæðinu jafnvel frá lokum síðustu ísaldar. Vegna mikillar útbreiðslu birkis á síðustu árum ætti að huga að því að breyta mörkum svæðisins miðað við gróðurframvindu til að tryggja að alltaf sé nægjanlegur fræforði aðgengilegur.

Umhverfisstofnun telur þetta þarfum framtak og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða skráningu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Porkelsdóttir  
Sérfræðingur